

# Kennsluáætlun



**Stærðfræði, skólaárið 2018-2019**

## 9. bekkur

**Kennarar: Gunnlaugur Smáráson og Sigurður Þ. Magnússon**

Áætlunin byggir á nýrri bók sem heitir Skali 2A og 2B. Notast verður við office365 í námskeiðinu, þar finna nemendur allar upplýsingar.

Í vinnu nemenda er stuðst við skólanámskrá Grunnskólans í Stykkishólmi sem byggir á Aðalnámskrá grunnskólanna sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu.

## Lykilhæfni

Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön. Einnig þurfa nemendur að öðlast skilning á stærðfræðilegum hugtökum, aðgerðum og venslum. Ráða yfir sveigjanlegum, áhrifaríkum, nákvæmum og viðeigandi aðferðum til lausna á hvers kyns viðfangsefnum. Þeir þurfa hæfni til að setja fram, tákna og leysa stærðfræðileg vandamál og nýta hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni. Hæfni í stærðfræði felur í sér að geta tjáð sig með stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, rökrætt um lausnleiðir og sannreynt lausnir sínar og annarra.

## Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

## Námsefni

Skali 2A, Skali 2B og ýmist efni af netinu og frá kennurum.

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

## Námsmat

Margföldunar-próf

Heimapróf

Parapróf

Umræður

Sjálfsmat

Vinnueinkunn

Önnur verkefni

## Skoða dagsetningar

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
3. sept – 28. sept	Nemendur eiga að: geta notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum, þróað lausnarleiðir og miklu fleira.	<b>Talnareikningur</b>	Svindlmiði til að hafa með í kaflapróf.
1. okt – 19. okt	Þekkja annars stig fall, teikna fleygboga, ákveða topp- eða botnpunkt.	<b>Föll</b>	Heimapróf/heimadæmi
23. okt – 26. okt	Hæfniviðmið verða lögð fyrir með verkefnalýsingu	<b>Verklegt verkefni</b>	Skila verkefnum á fjölbreyttan hátt
29. okt – 27. nóv	Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar.	<b>Mál og mælieiningar</b>	Verkefnablað
3. des – 11. jan	Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar.	<b>Rúmfræði og útreikningar</b>	Fjölbreytt verkefni
14. jan – 18. jan	Hæfniviðmið verða lögð fyrir með verkefnalýsingu	<b>Minecraft verkefni</b>	Skila verkefnum á fjölbreyttan hátt
21. jan – 15. feb	Finna líkur út frá tilraunum Framkvæma einfalda hermun	<b>Líkur og talningarfræði</b>	Nemendur búa til spurningar
18. feb – 22. feb		<b>Upprifjun fyrir samræmd próf</b>	
25. feb – 28. feb		<b>Árshátíð</b>	Hafa gaman!
11. mars – 15. Mars (Stærðfræðipróf 13. Mars)		<b>Samræmd próf</b>	

18. mars – 29. mars	Hæfniviðmið verða lögð fyrir með verkefnalýsingu	<b>Verkleg verkefni</b>	Skila verkefnum á fjölbreyttan hátt
1. maí - 17. maí	Hæfniviðmið verða lögð fyrir með verkefnalýsingu	<b>Lokaverkefni</b>	Skila verkefnum á fjölbreyttan hátt
20. maí - 24. maí	Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna. Unnið úr verkefnum með hjálp upplýsingatækninnar	<b>Umhverfisvikan</b> Verkefni í anda vikunnar	Skila verkefnum á fjölbreyttan hátt

Birt með fyrirvara um breytingar